

Fundargerð 46. fundar í stjórn Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar 20.maí 2010, kl. 12.00 á skrifstofu félagsins, byggingu 946, Keflavíkurflugvelli.

Mættir: Páll Sigurjónsson, stjórnarformaður
Árni Sigfússon, varastjórnarformaður
Reynir Ólafsson, stjórnarmaður
Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, aðstm. framkvæmdastjóra sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.
Borinn upp, samþykkt og undirrituð af viðstöddum stjórnarmönnum.
2. Háskólavellir
Framkvæmdastjóri lagði fram tillögur fyrir stjórn vegna samkomulags við Háskólavelli. Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.
3. Sjúkrahús
Stjórn kynnt niðurstöður úr opnun tilboða í niðurrif á sjúkrahúsi á Flugvallarbraut 710 sem fram fór 17.maí sl.
Framkvæmdastjóri tilkynnti stjórn einnig að tilboð hefur borist í fjármögnun á sjúkrahúsverkefningu.
4. Verne
Framkvæmdastjóra falið að ganga frá viðauka við samning, um kauprétt á eignum, samkvæmt ákvörðun stjórnar.
5. Ársreikningur fyrir árið 2009
Ársreikningur fyrir síðasta ár, 2009, lagður fram til kynningar.
6. Önnur mál

Aðalfundur
Aðalfundur Þróunarfélagsins er settur á fimmtudaginn 27.maí nk. kl. 13.00 á skrifstofu félagsins að Skógarbraut 946, 235 Reykjanesbæ.
7. Næstu fundir
Næsti fundur er áætlaður þann 27.maí kl. 12.00 og í framhaldi af honum er haldin aðalfundur félagsins kl. 13.00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Páll Sigurjónsson
Árni Sigfússon
Reynir Ólafsson